

## Leynardómar Thailands

Dagana 07. til 26. janúar 2014, mun Ferdin.is bjóða upp á einstaka ævintýraferð til Thailands. Þema ferðanna er **NÁTTÚRA – SAGA – UPPLIFUN – AFSLÖPPUN**. Eftir að komið er til Thailands verður dvalið í þrjú daga í Bangkok, þá tekur við níu daga ferð norður í land. Ferðin endar síðan á paradísareyjinni Koh Chang sem er rétt við landmærin að Kambódíu. Sjá nánari ferðaáætlun hér að neðan.

### Dagur 1: Keflavík - Kaupmannahöfn – Bangkok.

**07. janúar:** Lagt af stað frá Keflavík kl 8:00 með Flugleiðum og lent í Kaupmannahöfn kl 12:00. Haldið áfram frá Kaupmannahöfn kl. 14:00 og flogið með Thai Airways, áætlaður flugtími 10 klst og 30 mín. Um borð í vélinni er borinn fram kvöldverður og morgunverður sem er innifalinn í verðinu. Allir drykkir eru fríir bæði áfengir og óáfengir, nema Kampavín.

### Dagur 2: Komið til Bangkok.

**08. janúar:** Áætluð landing á alþjóðarflugvellinum við Bangkok kl. 6:30. Akstur frá flugvelli á hótél ca. 45 mín. Dagurinn á eigin vegum. Rétt að taka því rólega framan af degi og slappa af eftir langt ferðalag. Síðan, í samráði við fararstjóra, er rétt að fara á stjá og kynna sér nánasta umhverfi hótelsins, en gist er í Kínahverfinu og því margt áhugavert að sjá. Kvöldverður á "local" veitingastað.

**Gisting:** Grand China Hotel. (M/k)

### Dagur 3: Bangkok.

**09. janúar:** Pennan dag verður farið í skoðunarferð um Bangkok. Í ferðinni verða m.a. heimsótt nokkur hof, farið í Grand Palace en þar bjó konungurinn forðum ásamt því að sigla um nokkur af síkjum borgarinnar. Ferðin hefst með heimsókn í hofið „Wat Trimitr“ en í því er 5,5 tonna gull Buddha líkneski. Þaðan er síðan farið í Marmara Hofið „Wat Benchamaborpit“ sem er þekkt fyrir ítalskan marmara og Thailenskan arkitektúr. Þá er komið að hofinu „Wat Chetuporn“ sem er betur þekkt sem Wat Po en þar er m.a. 45 metra langt Buddha líkneski. Wat Po er þekkt fyrir að þar var fyrsta miðstöð alþýðumenntunar í landinu og er hofið stundum kallað fyrsti háskólinn auk þess sem þetta er talið vera „heimili“ Thailenska nuddsins. Þá er komið að því að heimsækja Grand Palace og Wat Phra Keo. Konungur Thailands bjó forðum í Grand Palace og eru þar margar merkar byggingar auk þess sem við kynnumst þar vel sögu landsins og byggingarlist. Merkasta byggingin á svæðinu er Wat Phra Keo en þar innan dyra er „Emerald Buddha“ sem er það buddalíknesi sem mestur átrúnaður er bundin við á Thailandi. Á Grand Palace svæðinu er margt að sjá og mynda, en óheimilt er að mynda „Emerald Buddaha“ líkneskið sjálft. Bangkok byggðist upp á bökkum Chao Phraya árinna og á níttjándu öldinni var í Bangkok mikið af síkjum og skurðum út frá ánni sem hægt var að sigla eftir og vorum þá bátar aðal farartæki borgarinnar, enda borgin oft kölluð „Feneyjar austursins“ Nú er búið að fylla upp í flest þessara síkja en ekki öll og munum við fara í siglingu um þau og kynna mannlífina og byggðinni á bökkum þeirra. Ferðin endar síðan með heimsókn í hofið „Wat Arun“ en það er einnig þekkt sem „Temple of Dawn“. Þetta hof stendur á bökkum Chao Phraya árinna og er eitt af kennileitum borgarinnar. Hofið er m.a. þekkt fyrir 79 metra háan turn sem þakin er „mósaíki“ og glitrar því sérkennilega í sólinni. Hádegisverður verður snæddur á „local“ veitingastað í ferðinni.

**Gisting:** Grand China Hotel (M/K)

### Dagur 4: Bangkok

**10. janúar:** Dagurinn á eigin vegum og er fjölmargt í boði svo sem afslöppun, verslunarleiðangur, skoðunarferðir eða önnur afþreying.

**Gisting:** Grand China Hotel. (M)

### Dagur 5: Bangkok – Tak

**11. janúar:** Eftir morgunverð er farið af Grand China Princess hótelinu og haldið niður að Chao Phraya ánni þar sem farið er um borð í bátinn „Pearl of Siam“. Með bátnum verður siglt að rústum Ayutthaya fyrrum höfuðborgar Siam, nú Thailands, en þar verður staðurinn skoðaður fengin fræðsla um sögu hans. Snæddur verður hádegisverður um borð í bátnum en siglingarleiðin er fjölbreytileg, allt frá iðandi stórborginni yfir í afslappaða sveitarsæluna. Frá Ayutthaya verður haldið akandi norður til bæjarins Tak en þangað eru ca. 300 km. Tak stendur við fljótið Ping sem var áður aðalflutningsleiðin með vörur til



nágrannalandsins Myanmar, nú Burma. Kvöldverður á Krua Krasat Restaurant.

**Gisting:** Viang Tak Riverside Hotel.(M/H/K)

#### Dagur 6: Tak – Mae Sot

**12. janúar:** Eftir morgunverð verður haldið af stað „út í náttúruna“ en hægt er að segja að þessi dagur, eins og reyndar flestir dagar ferðarinnar, einkennist af mikilli náttúruupplifun. Þennan dag verður farið um svæði sem er rétt við landamærin við Burma. Þar mun hópurinn kynna framandi ættbálkum sem búa á svæðinu, upplifa náttúruna gangandi, akandi og sigla síðan á Mae La Mao ánni. Á þessu svæði er hægt að upplifa náttúru, menningu og mannlífi sem er eins ólíkt og verið getur því sem hópurinn hefur þá kynnst í Bangkok. Hádegisverður á „local“ veitingarstað á leiðinni en kvöldverðurinn á Kao Mao Kao Fang Restaurant í Mae Sot.

**Gisting:** Centara Mae Sot Hill Resort. (M/H/K)



#### Dagur 7: Mae Sot – Chiang Mai

**13. janúar:** Eftir morgunverð höldum verður lagt af stað til Chiang Mai en þangað er ca. 400 km akstur. Á þessari leið ferðumst verður farið um svæði sem af mörgum er talið eitt fallegasta landsvæði Thailands. Hópurinn fær innsýn í lífið í þorpunum sem verða á leið hans, skoðaðir hrísgrjónastallar og grænn og gróskumikill regnskógurinn. Hádegisverður snæddur á leiðinni og komið síðla dags til höfuðborgar norður Thailands, Chiang Mai. Kvöldverður á veitingarstað hótelsins.

**Gisting:** Chaing Mai Plaza Hotel (M/H/K)

#### Dagur 8: Chiang Mai

**14. janúar:** Norður hluti Thailands sem Chiang Mai stendur á var fyrr á öldum langtímum saman lokað frá öðrum hlutum landsins og er því saga svæðisins og menning um margt ólík öðrum hlutum Thailands. Á árumum 1281-1556 var borgin höfuðborg Lanna ríkisins, sem náði frá mið Thailandi í suðri til Laos í norðri. Lanna mætti þýða sem „milljónir af hrísökrum“ sem segir okkur að þetta hafi verið ríkt ríki og eins hver verðmætin voru á þessum tíma. Chiang Mai er ein áhugaverðasta borg Thailands og er margt að sjá og skoða, bæði í borginni og utan hennar. Í borginni eru rúmlega 300 hof og er Doi Suthep „helgast“ þeirra. Hofið stendur á hæð sem er í rúmlega 1.000 metra hæð og er útsýnið úr hofinu yfir Chiang Mai og nágrenni þess er stórkostlegt. Eftir morgunverð verður Doi Suthep hofið heimsótt og síðan haldið til bæjarins Sangkamphang eftir að hafa snætt hásegisverð á „local“ veitingastað. Bærinn Sangkamphang er þekktur fyrir glæsilegt handverk og forn vinnubrögð. Litið verður við hjá handverksfólki við vinnu sína en þetta eru m.a. silfursmiðir, vefjar, tréskurðarmeistarar og einnig verður skoðað hvernig hinar litríku sólhlífarnar eru frameiddar. Síðan er farið aftur til Chiang Mai.

**Gisting:** Chiang Mai Plaza Hotel. (M/H)



#### Dagur 9: Chiang Mai

**15. janúar:** Hvíldardagur í Chiang Mai, sem verður kærkomin eftir stífa dagskrá dagana á undan. Hægt að slappa af við sundlaugina, röltu um bæinn eða skoða fjölmarga áhugaverða hluti sem er að finna í borginni.

**Gisting:** Chiang Mai Plaza Hotel. (M)

#### Dagur 10: Chiang Mai – Thaton

**16. janúar:** Eftir morgunverð verður lagt af stað norður til Thaton. Á leiðinni þangað verður komið við á fílabúgarði, en þar kynnist hópurinn þessum stóru og gáfuðu skepnum auk þess sem hægt er að skella sér á fílabak um frumskóginn. Fílabúgarðinn er ekki innifalið í verði ferðarinnar og þarf að greiða sérstaklega (ca. 3.500 kr pr/mann). Hádegisverður á „local“ veitingastað í nágrenninu. Eftir að komið er til Thaton innrita hópurinn sig á hótelið sem stendur á fallegum stað með útsýni yfir Meakok fljótið. Kvöldverður á hótelinu.

**Gisting:** Meakok River Village Resort. (M/H/K)

#### Dagur 11: Thaton

**17. janúar:** Afslöppun í Thaton, en þó fjölmargt í boði fyrir þá sem þess óska s.s. ganga eða hjóla (hægt að leigja reiðhjól) um nágrennið, taka stutt námskeið í thailanskri matargerð, frumskógaferð ofl.

**Gisting:** Maekok River Village Resort. (M/H/K)



## Dagur 12: Thaton – Chiang Rai

**18. janúar:** Eftir morgunverð verður farið niður að Maekok fljótinu og þar um borð í fljótabát sem siglt verður með til Chiang Rai. Náttúrufegurðin er ólýsanleg á þessum slóðum og siglingaleiðin því einstaklega falleg. Siglt verður meðfram mörgum smáþorpum sem staðsett eru við fljótið en á þessum slóðum búa margir minnihluta hópar. Þessir þjóðflokkar hafa flúið til landsins frá nágrannalöndunum, s.s. Burma, Laos, Tíbet og Kína. Helst þjóðarbrotin á svæðinu eru Akha-, Hmong-, Lisu-, Karen-, Lahu- og Mienfólk. Eftir að komið er til Chaing Rai verður snæddur hádegisverður á hótelinu en við gistum á Dusit Island Resort Chaing Rai. Dagurinn er ekki skipulagður að öðru leyti.

**Gisting:** Dusit Island Resort Chaing Rai. (M/H)

## Dagur 13: Chiang Rai

**19. janúar:** Eftir morgunverð er lagt af stað í skoðunarferð um Chiang Rai og nágrenni. Farið verður í Gullna Þríhyrninginn, en það er fljótasvæði við landamæri Thailands, Laos og Myanmar (Burma) sem þekkt var fyrir óþím sölu og smygl hér áður fyrr. Komið verður við í þorpum hjá ættbálkum sem áður fyrr höfðu sitt lífibrauð af óþímurækt og sölu. Áhugaverður dagur í fallegu umhverfi. Hádegisverður í Imperial Golden Triangle. Eftir að komið er aftur til Chiang Rai er kvöldverður á hótelinu.

**Gisting:** Dusit Island Resort Chiang Rai. (M/H/K)

## Dagur 14: Chiang Rai – Koh Chang

**20. janúar:** Eftir morgunverð er ekið út á flugvöllinn í Chiang Rai og flogið til Bangkok. Brottför frá Chiang Rai kl. 10:20 og lent í Bangkok kl. 11:40. Frá flugvöllinum í Bangkok verður ekið í suðurátt til Trat en frá Trat er ferjan tekin til eyjunnar Koh Chang. Komið til Koh Chang síðla dags og gist í smáhýsum á Chai Chet Resort. Það verður dvalið á eyjunni í 6 nætur, þ.e. til 3. desember. Þessa daga er hópurinn á eigin vegum en það er ýmislegt í boði þegar að það kemur að afþreyingu og mun fararstjóri fara yfir það á staðnum og skipuleggja dagana í samráði við hópinn.

**Gisting:** Chai Chet Resort, Koh Chang. (M)

## Dagur 15 – 19: Koh Chang

**21. – 24. janúar:** Ekki ósennilegt að einhverjir vilji einnig taka því rólega til að byrja með, því eyjan er kjörin staður til afslöppunar. Fyrir þá sem vilja nú fara að sjá meira af eyjunni þá er t.d. hægt að fá sér kajak og dóla sér með ströndinni. Eyjan Koh Chang er hluti af þjóðgarði er lögð áhersla á rólegheit á staðnum og er því t.d. ekki leyfilegt að vera með Jet sky eða önnur „hávaðatæki“ á svæðinu. Einnig er hægt að fara í göngu inn í eða yfir eyjuna með leiðsögn. Koh Chang er fjalllend og þakin frumskógi að mestu og því ekki ráðlegt að fara langt inn í skógin án leiðsagnar. Fyrir þau sem eiga eftir að fara á fílabak í ferðinni, eða vilja skella sér aftur, þá er hægt að fara skemmtilega ferð inn í frumskógin sem endar með því að fá sér sundsprett með filunum.

Mælt er með því að allir fari í „snorkl ferð“ til nærliggjandi eyja. Þetta eru dagsferðir þar sem stoppað á nokkrum stöðum til að „snorkla“.

**Gisting:** Chai Chet Resort, Koh Chang. (M)

## Dagur 20: Koh Chang – Bangkok flugvöllur

**25. janúar:** Þá er komið að heimferð, en lagt er af stað út á flugvöll ca. kl 16:00 (nánari tímasetning síðar). Farið í loftið frá flugvöllinum í Bangkok kl 00:50.

**Gisting:** Chai Chet Resort, Koh Chang. (M)

## Dagur 21: Bangkok – Kaupmannahöfn – Keflavík

**26. janúar:** Lent í Kaupmannahöfn kl 6:35. Fyrir þá ferðalanga sem bóka áfram heim til Íslands, þá er haldið áfram til kl 20:10. Þar sem farangurinn er bókaður alla leið frá Bangkok til Keflavíkur þá er hægt að eiga góðan dag í Kaupmannahöfn.

**Verð aðeins kr 519.000,- pr. mann miðað við 2 í herbergi.**

**Takmarkað sætaframboð.**

Athugið verðið er miðað við gengi 10. sept. 2013.

**Innifalið í verði:**



- \* Akstur frá flugvelli í Bangkok á hótél.
- \* Gisting í 3 nætur með morgunverði á Grand China Princess hótél.
- \* Gisting í 9 nætur með morgunverði í hringferðinni norður í land.
- \* Flug með Thai Airways frá Kaupmannahöfn til Bangkok 7. jan. og til baka 26. des.
- \* Gisting í 5 nætur með morgunverði á Chai Chet Resort Koh Chang.
- \* Skoðunarferð um Bangkok, Grand Palace ofl.
- \* Enskumælandi leiðsögumaður 8. jan til 20. jan.
- \* Fullt fæði í 6 daga.
- \* Hálf fæði 4 daga.
- \* Sigling frá Bangkok til Ayutthaya.
- \* Létt „river rafting“ á Mae La Mao fljótinu í gúmmibátum.
- \* Hálf dagsferð til Doi Suthep hofsins.
- \* Hálf dagsferð í handverksbæinn Sangkamphang.
- \* Ferð í fílabúðir („reiðtúr“ ekki innifalinn).
- \* Heimsóknir í nokkur fjallþorp.
- \* Sigling á Maekok River á fljótapramma.
- \* Dagsferð í „Gullna Þríhyrninginn“.
- \* Flug frá Chiang Rai til Bangkok.
- \* Akstur og sigling frá Bangkok til Koh Chang.
- \* Akstur og sigling frá Koh Chang á flugvöll við Bangkok.
- \* Íslensk fararstjórn.

#### **Ekki innifalið í verði:**

- \* Forfalla- ferða- og slysatryggingar.
- \* Drykkir.
- \* Ferðir sem eru í boði á „frídögum“.
- \* Þjóf fé fyrir leiðsögumenn og bílstjóra.



Nánari upplýsingar á [www.ferdin.is](http://www.ferdin.is)

Bestu kveðjur

---

Margeir Ingólfsson

Sími: 893 8808

Netfang: [ferdin@ferdin.is](mailto:ferdin@ferdin.is)